

Sp.

64. Fyrirspurnir.

[54. mál]

I. Til menntamálaráðherra um sjónvarpsmál.

Frá Steingrími Pálssyni.

1. Hvað líður dreifingu sjónvarps um Vestfirði og Norðurland vestra, hvenær mega íbúar í þessum landshlutum búast við eðlilegum sjónvarpsendingum?
2. Hvenær er talið mögulegt bæði tæknilega og fjárhagslega, að sjónvarpið nái til allra íbúa á umræddu svæði?

II. Til fjármálaráðherra um notkun á bifreiðum í eigu ríkisins.

Frá Jóni Árm. Héðinssyni.

Hafa ákveðnar reglur verið settar um notkun á bifreiðum í eigu ríkisins, sem ákveðnir embættismenn hafa til einkaafnota? Ef svo er, hvernig hljóða þá þessar reglur?

III. Til samgöngumálaráðherra um akstursmæla í dísilbifreiðum.

Frá Jóni Árm. Héðinssyni.

Hvað líður undirbúningi að notkun á akstursmælum í dísilbifreiðum vegna þungaskatts?